

Ástundunarreglur 10. bekkja Áslandsskóla

Stundvísi og góð skólasókn er lykill að góðum námsárangri.

Nemendum á grunnskólaaldri er skylt samkvæmt lögum að sækja skóla. Sjá í reglugerð grunnskólalaga nr. 66/1995 gr. 9 og 41 og gr. 6. Ákvæði laganna um skólasókn eru skýr, **nemendur eiga að mæta stundvíslega í allar kennslustundir.**

Stig	Einkunn		Flokkur	Stig
0	10		Áhorf	0
2	9,5		Veikindi	0
5	9,0		Leyfi	0
8	8,5		Vinnur í lla í tímum	0
11	8,0		Missti af skólabíl (5. -7. bekk)	0
14	7,5		Truflun í tíma	0
17	7,0		Fjarvist	1
20	6,5		Fjarvist vantar sundföt (8.-10. Bekkur)	1
23	6,0		Gleymdi bók	0,25
26	5,5		Vísað úr tíma	2
29	5,0		Vantar ritföng	0,25
32	4,5		Vantar írbóttaföt	0,25
35	4,0		Vantar sundföt	0,25
38	3,5		Seinkoma	0,5
41	3,0		Vantar heimavinnu	0,25
44	2,5			
47	2,0			
50	1,5			
53	1,0			

Verkferill vegna punktstöðu – eftirfylgni með ástundun

- Einkunn komin niður í 9,0 – umsjónarkennari aðvarar nemanda og upplýsir forráðamenn bréfluga
- Einkunn komin niður í 8,0 – umsjónarkennari upplýsir forráðamenn símleiðis og bréfluga um stöðu mála og ítrekar reglur um ástundun
- Einkunn komin niður í 7,0 – umsjónarkennari boðar nemanda og forráðamann hans til fundar, deildarstjóri situr einnig fundinn af hálfu skólans
- Einkunn komin niður í 6,0 – umsjónarkennari boðar nemanda og forráðamann hans til fundar, deildarstjóri og skólastjóri sitja einnig fundinn af hálfu skólans.
- Einkunn komin niður í 5,0 – mál nemanda tilkynnt til fræðsluyfirvalda í Hafnarfirði og félagsmálastofnunar í leit að öðrum úrræðum.

Annir

Ástundun er skráð allt skólaárið. Ástundunartímabilið eru tvö, fyrra tímabilið er frá skólasetningu til 31. janúar og seinna tímabilið er frá 1. febrúar til skólaslita. Ástundunareinkunn birtist á vitnisburðarblaði nemandans að vori.

Umsókn um endurskoðun einkunnar

- Hafi nemandi hreint borð í 4 vikur getur hann sótt skriflega um endurskoðun til deildarstjóra um að hækka sig um 1,0 í einkunn.
- Slíkt er hægt 2 x á skólaárinu, einu sinni á hvorri önn – deildarstjóri heldur yfirlit um slíkt.
- Deildarstjóri upplýsir aðstoðarskólastjóra sem breytir einkunn og færir til bókar.

Heimsent yfirlit

Ástundunaryfirlit fyrir hvern nemanda er sent heim um hver mánaðamót. Foreldrar/forráðamenn hafa 5 virka daga til að bregðast við ástundunaryfirlitinu með því að hafa samband við umsjónarkennara. Eftir þessa 5 virku daga er ekki hægt að breyta ástundun nemandans.

1.september 2015

Leifur S. Garðarsson, Skólastjóri Áslandsskóla